



Pá er aftur komið haust og vetrarstarfið er komið á fullt.

Þar sem Covid-19 hefur verið að takmarka ýmislegt þurftum við að aflýsa árlegum kynningarfundum með þátttöku foreldra. Þess í stað senda deildarstjórar frá sér ítarleg fréttabréf þar sem farið verður í innra starf vetrarins.

Í þessu fréttabréfi munum við kynna starfsfólk á deildum en einnig segja frá öðrum atriðum s.s. agastefnu Hulduheima og nýrri heimasíðu Hulduheima.

Starfsfólk Hulduheima í október 2020

Kristrún Hafliðadóttir, leikskólastjóri S: 480-3282

Sólveig Dögg Larsen, aðstoðarleikskólastjóri S: 480-3283

Jensína Kristín Gísladóttir, sérkennslustjóri S: 480-3266

Kirsuberjadalur S: 480-3289: Kristín deildarstjóri, Begga, Magdalena og Þorbjörg.

Hlynskógar s. 480-3288: Þórunn Sif deildarstjóri, Anna Lára, Arndís, Anna Kristín, Anna Stefanía og Ellý sem veitir sérstuðning.

Sólbakki s. 480-3287: Silja Ósk deildarstjóri, Elí, Guðdís, Inga Birna og Sólrún sem er þroskaþjálfari og veitir sérstuðning á deildinni.

Kattholt s. 480-3285: Júlíana deildarstjóri, Anna, Anna Kolla, Guðrún, Kolbrún og Tanja.

Sjónarhóll s. 480-3284: Íris Erla deildarstjóri, Ella, Karen, Rósa Vigdís og Justina.

Smálönd s. 480-3286: Jóna deildarstjóri, Guðjón, Rósa Svava, Sibba, Sigrún og Inese sem er sérkennari á deildinni.

Afleysingastarfsfólk: Óli, Unnur, Sindri, Hrefna, Rebekka. Anna Kolla og Justina eru að hluta afleysingarstarfsmenn. Guðlaug iðjuþjálfari fer á milli deilda bæði í fastar afleysingar og með sérþjálfun. Agnes er starfsmaður með skerta starfsgetu sem aðstoðar inni á yngri deildum.

Eldhús: Ása matráður, Alma og Þórhildur S: 480-3269

Athugið að starfsfólk er í ýmsum stöðugildum og því koma oft fleiri að deildum.

Til minnis:

- Foreldrar eru beðnir um að gæta sóttvarna í hvívetna og vera ekki lengur inni í leikskólanum er þörf krefur.
- Vegna Covid-19 á umgangur foreldra og utanaðkomandi aðila á göngum leikskólans að vera í algjöru lágmarki og aðeins leyft í undantekningartilfellum.
- Læsið ávallt millihurðum í anddyrum skólans og hleypið ekki út fylgdarlausum börnum.
- Börn eiga að koma frísk í leikskólann. Ekki er í boði að vera inni til að fyrirbyggja veikindi né eftir veikindi.
- Minnum á hlý föt og aukaföt til skiptanna
- Vinsamlegast tilkynnið veikindi og forföll barnanna í beint símanúmer deildanna. Símanúmerin má finna hér í fréttabréfinu og á heimasíðu leikskólans. Einnig er hægt að skrá veikindi eða frí í Völu-appinu

Agastefna Hulduheima:

Eftir mikla undirbúningsvinnu sem hefur átt sér stað í starfsmannahópnum er agastefna Hulduheima tilbúin og er innleiðing hafin.

Tilgangur agastefnunnar er að styrkja starfsfólk við að veita uppbyggilega leiðsögn og að samræma vinnubrögð þess. Fyrst og fremst er talað um hvernig má fyrirbyggja erfiða hegðun en þar er grundvallaratriði og áhersla lögð á að styrkja og ýta undir jákvæða hegðun. Agastefnan er einnig gerð til að auka sameiginlegan skilning starfsfólks og foreldra á því hvað getur orsakað óæskilega hegðun og hvernig bregðast má við henni. Agastefnan hefur verið lesin og samþykkt af foreldraráði leikskólans.

Heimasíða Hulduheima:

Ný heimasíða Hulduheima mun líta dagsins ljós á næstu vikum. Þar má meðal annars kynna sér allt um stefnu og innra starf leikskólans ásamt ýmsu verklagi sem starfsfólk leikskólans hefur sett sér. Einnig má þar sjá símaskrá leikskólans, lista yfir starfsfólk, matseðla og ýmsar hagnýtar upplýsingar. Á heimasíðunni munu stundum koma tilkynningar og fréttir en deildarstjórar halda áfram að setja fréttabréf mánaðarins ásamt reglulegum fréttum af daglegu starfi inn á facebooksíður deildanna.

Bílastæði:

Vegna mikillar umferðar hér á bílastæðinu viljum við biðja ykkur að nota eina akstursstefnu. Þá er ekið inn á bílastæðið sunnanmegin (við yngri deildir) og út norðanmegin (við eldri deildir).

Vinsamlegast leggið ekki í leyfisleysi í stæði fyrir fatlaða og eins þurfa stæði fyrir framan eldhús að vera laus fyrir vörumóttöku.

Framundan:

27. okt. Bangsadagur/
náttfatadagur

2. nóv, Skipulagsdagur
og lokað í leikskólanum.

13.nóv. Haldið upp á
afmæli leikskólans sem
er 14.nóv.

16.nóv. Dagur íslenskrar
tungu- Lubbi á afmæli.

Vistunartími

Leikskólinn er opinn
frá 7:45-16:30 og
vinnutímar starfsfólks
ráðast af
vistunartímum barna.
Vinsamlegst virðið
vistunartímann.

Allar óskir um
breytingar á dvalartíma
þurfa að berast
leikskólastjóra fyrir 15.
hvers mánaðar,
eyðublöð í anddyrum.

Viskubrunnur:

Á fagfundi starfsfólks í júní var ákveðið að auka ýmsa fræðslu til foreldra. Tvisvar á önn munu foreldrar fá fróðleiksmola frá leikskólanum um ýmislegt er varðar þroska og vellíðan barna á leikskólaaldri. Við vonum að foreldrar taki vel í þessa nýbreytni og hafi gagn og gaman af.

Einkunnarorð leikskólans:

Eftir áramót munum við taka áttak í að vekja athygli á einkunnarorðum leikskólans sem eru Virðing- Lýðræði- Samfélag.

Við munum útskýra einkunnarorðin fyrir börnunum þannig að þau skilji hvað orðin þýða og í framhaldinu verður unnið markvisst með einkunnarorðin á deildum.

Við vonum að við megum öll eiga góðan vetur þrátt fyrir veiruna sem herjar á okkur. Við minnum á að alltaf er velkomið að hafa samband ef eitthvað er.

Bestu kveðjur

Leikskólastjórnendur